



TILKYNNING UM FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR HF.

Samkvæmt 63. gr. a. í hlutafélagalögum nr. 2/1995 og Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útgáfa) ber sá sem hyggst bjóða sig fram til stjórnarsetu í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM) að tilkynna skriflega um framboð, ásamt því að veita um leið tilteknar upplýsingar, til stjórnar félagsins í síðasta lagi **fimm dögum** fyrir hluthafafund þar sem kosning til stjórnar fer fram.

Stjórn félagsins fer yfir framboðstilkynningar sem berast innan tilskilins frests og gefur frambjóðanda tækifæri að bæta úr göllum á tilkynningunni ef einhverjir eru. Stjórn skal leggja mat á óhæði frambjóðanda á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og skal það mat ásamt neðangreindum upplýsingum um frambjóðanda gert aðgengi-legt á heimasíðu TM í síðasta lagi tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Þau atriði sem frambjóðandi skal upplýsa um er:

1. Nafn, kennitala og heimilisfang:

2. Menntun, aðalstarf, starfsferill og reynsla:

3. Fyrst kosinn í stjórn félagsins:

4. Önnur trúnaðarstörf, þ. á m. stjórnarseta í öðrum félögum:

5. Eignarhlutir í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila:

6. Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila og þá hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu:

7. Hvort frambjóðandi hafi verið hafi verið starfsmaður félagsins eða nátengds félags undanfarin þrjú ár:

8. Hvort frambjóðandi hafi þegið greiðslur og þá hversu háar frá félaginu, nátengdum félagi eða daglegum stjórnendum þess undanfarin þrjú ár, fyrir utan stjórnarlaun:

9. Hvort frambjóðandi hafi, sem viðskiptavinur, birgir, samstarfsaðili átt í umtalsverðum viðskiptum við félagið eða nátengd félög undanfarið ár eða hafi persónulega eða í gegnum annað félag mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í TM:

10. Hvort frambjóðandi sé einn af daglegum stjórnendum annars félags þar sem einn af stjórnarmönnum þess félags er daglegur stjórnandi í TM:

11. Hvort frambjóðandi hafi verið meðeigandi ytri endurskoðanda félagsins eða nátengds félags, eða starfsmaður sem tekið hefur þátt í ytri endurskoðun félagsins undanfarin þrjú ár:

12. Hvort frambjóðandi er tengdur daglegum stjórnanda félagsins og/ eða tengdur aðila sem nefndur er í 7.-11. tölulið hér að framan vegna hjúskapar eða sambúðar; vegna skyldleika eða mægða í beinan legg eða að öðrum til hliðar eða tengdur með sama hætti vegna ættleiðingar:

Framboð þetta er til: aðalstjórnar varastjórnar

Frambjóðandi lýsir því yfir að framangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitneskju og hann telji sig fullnægja lögmæltum hæfisskilyrðum til setu í stjórn. Þá lýsir undirritaður frambjóðandi því yfir að hann mun verða viðstaddur hluthafafund þann sem kosning til stjórnar fer fram nema gild ástæða sé fyrir fjarveru hans. Fjarveru og ástæðu hennar skal tilkynna félaginu (netfang/ heimilisfang) fyrir hluthafafund.

Staður/dagsetning

Undirskrift frambjóðanda